

Plágurnar

Högni Óskarsson

geðlæknir

hogni@humus.is



Erfitt að byrja. Hvað poppar fyrst upp í hugann? Covid eða Trump? Trump eða Covid? Plágan hefur vinninginn.

Af einhverjum ástæðum komu eftirfarandi hugartengsl upp. Listaverk Magnúsar Tómassonar af Óþekkta embættismanninum. Hann stendur á tjarnarbakkanum við Iðnó, grár, andlitslaus, með skjalatösku í hendi. Enginn þekkir hann, enginn þakkar honum. Afhjúpaður á nýjum stað 2012, af engum öðrum en Jóni Gnarr. Hugartengslin við styttna eru myndir af óteljandi og oftast ósýnilega heilbrigðisstarfsfólki, innan og utan stofnana, sem er að takast á við Covid-19, dag og nótt. Fæst þeirra fá sín „fifteen minutes of fame“; vinnandi undir ofurálagi, í smit-hættu og mjög svo streitufylltum aðstæðum. Þeim verða líklega ekki reist formleg minnismerki. Þjóðin stendur í mikilli þakarskuld við þau.

Í nýútkominni bók sinni *Spænska veikin* lýsir Gunnar Þór Bjarnason plágunni sem skall á haustið 1918. Fróðleg og skemmtileg lesning um hræðilega atburði. Plágan kom að óvörum, snörp og mannskæð. Höggið var mest á Suðvesturhorninu. Alls létust af völdum veikinnar um 440 manns, það er 482/100.000. Þegar þetta er skrifað er dánartalan af völdum Covid 7,5/100.000. Í Reykjavík voru tvö sjúkrahús, Landakot og Franski spítalinn, alls með 80 rúmum. Innan við 20 lækna voru starfandi í höfuðborginni, ekki allir í klíník. Íslenskir hjúkrunarfræðingar voru stétt í fæðingu, um 10 á svæðinu. Til viðbótar voru nokkrar erlendar, og svo 16 „systur“ á Landakoti, belgískar nunnur með þjálfun í hjúkrun. Ekki má gleyma ljósmæðrum og yfirsetukonum. Þeim til aðstoðar sendu yfirvöld ákall til almennra borgara um að koma til hjálpar. Samstaðan var ótrúleg.

Álaginu á lækna er best lýst af Þórði Thoroddsen lækni, sem var orðinn 62 ára þegar hér var komið sögu. Í dagbók sinni skráir hann frá 28. október til 6. desember 1232 sjúklinga og sleppir þá „léttum tilfellingum“. Af þeim létust 77, flestir í heimahúsi. Ekki nein furða að góðvinur Þórðar hafi skrifað seinna, að aldrei hafi hann „séð þennan þrekmikla fjörmann eins útslitinn og útpvældan eins og eftir spönskum veikina 1918“.



Hugtakið starfskulnun var ekki til á þessum tíma. Hvað er það í starfsumhverfi okkar, eftir 100 ára framfarir, sem skapar króníska streitu, starfskulnun, jafnvel ör-mögnun? Meiri kröfur, meiri hraði, meira áreiti úr öllum áttum eru meðal orsaka-valda, yfirþyrming af kröfum sem fylgja tölvuvæðingu, síaukinni skriffinnsku, snjallsímum og samfélagsmiðlum. Óvarin fyrir áreiti 24/7. Köllun okkar í lækni-starfi, drifkrafturinn, vikur, allt hitt hefur tekið yfir.

Albert Camus lýsir í bók sinni, *La*

Peste (1947), plágu í borginni Oran í Alsír. Kjarninn í boðskap höfundar er að mann-skjan býr við stöðuga plágu innra með sér; vitneskjuna um hið endanlega, dauðann. Trúarbrögð afskrifar hann, fáránleikinn einkennir líf mannsins. Við neyðumst til að lifa hvern dag undir yfirþyrmandi tómlæti himinsins. Plágan er myndlíking á stöðu mannsins þar sem æðri tilgangur er ekki til. Það stendur því upp á hvert og eitt okkar að skilgreina tilgang í gegnum köllun, vinnu, venskap og ástir. Okkar

er að endurskoða markmið vinnunnar, nálgast aftur upphaflega tilganginn, að lækna og líkna. Ef ekki, mun vélmenni með IQ upp á 10.000 taka af okkur ómakið, á sinn vélræna hátt.

Að lokum, veruleikafirrtur Trump. Vísa í því samhengi á tragískan endi Lés konungs í samnefndu leikriti Shakespeares. Blindur, hafandi misst völdin í hendur elstu dóttur sinnar, í örvæntingu og ofsareiði, ásakandi vini og samherja, svikinn af öllum. Það er ekki Shakespeare-líkur stíll yfir Trump. Reiðkast hans minnir á þriggja ára barn sem liggur óskrandi í gólfinu heimtandi að fá vilja sínum framgengt, laga raunveruleikann að frekju sinni. Trump hefur tekist með lygum, sjúklegri sjálfhverfni, brengluðu gildismati og markvissu einelti, að fá vænan hluta bandarísku þjóðarinnar í lið sitt. Það sem verra er, honum hefur tekist að kúga þinglið repúblikana og ráðamenn flokksins á landsvísu til að halda á lofti lygum hans og blekkingum. Trump-plágan hefur breiðst út í flesta afkima samfélagsins, og hefur því miður fest rætur víðar í okkar heimshluta. Ekki þó hér á Fróni, að neinu marki, ennþá.

Nýársósk mín er að þessar plágur hverfi úr daglegu lífi okkar sem fyrst.

Óska ykkur öllum árs og friðar.